

Vöxtur útlána 18% á árinu 2021

Hagnaður Lánasjóðs sveitarfélaga nam 536 milljónum króna á árinu 2021 samanborið við 783 milljónir króna á árinu 2020.

Heildareignir sjóðsins í lok ársins voru 168 milljarðar króna en voru 144 milljarðar í árslok 2020 sem er aukning um 18%. Heildarútlán sjóðsins námu 160 milljörðum króna í lok ársins samanborið við 136 milljarða í árslok 2020.

Markaðsverðmæti verðbréfaútgáfu nam 29,2 milljörðum króna samanborið við 31,8 milljarða króna á árinu 2020.

Eigið fé nam 19,6 milljörðum króna en var 19,1 milljarðar í árslok 2020. Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 630% sem nú er reiknað með fullri mildun. Í árslok 2020 var hlutfallið 454%. Lánasjóðurinn ákvað að nýta mildunarákvæði við eiginfjárlútrekninga vegna útlána til sveitarfélaga í íslenskum krónum og eru með veð í tekjum sveitarfélaga.

Stjórn sjóðsins leggur til að á árinu 2022 verði hluthöfum ekki greiddur út arður vegna afkomu ársins 2021 til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár.

Rekstur ársins	2021	2020	2019	2018	2017
Hreinar vaxtatekjur.....	686	803	982	1.013	927
Aðrar rekstrartekjur (gjöld).....	102	200	27	41	32
Almennur rekstrarkostnaður.....	252	220	214	196	185
Afkoma fyrir óreglulega liði.....	536	783	795	857	774
Óreglulegir liðir.....	0	0	0	0	3
Hagnaður ársins.....	536	783	795	857	777

Efnahagur 31. desember

Handbært fé.....	788	4.349	4.956	6.180	12.097
Ríkisbréf og ríkisvixlar.....	7.210	3.031	817	0	0
Markaðsverðbréf.....	167	448	411	0	0
Útlán og kröfur.....	159.876	135.722	110.653	99.051	73.566
Aðrar eignir.....	46	44	202	177	44
Eignir samtals.....	168.087	143.593	117.040	105.408	85.707
Verðbréfaútgáfa.....	146.577	122.529	95.275	84.536	65.154
Aðrar lántökur.....	1.810	1.905	3.395	2.878	3.010
Aðrar skuldir og skuldbindingar.....	102	97	91	82	85
Skuldir samtals.....	148.490	124.532	98.761	87.496	68.249
Eigið fé.....	19.598	19.062	18.278	17.912	17.459
CAD- hlutfall m/hefðbundinni mildun.....	56%	61%	70%	77%	97%
CAD- hlutfall m/fullri mildun.....	630%	454%	392%	465%	453%

Framtíðarhorfur

Lánasjóður sveitarfélaga væntir þess að eftirspurn eftir útlánunum verði minni á árinu 2022 en síðustu ár þar sem nú sér fyrir enda á COVID-19 faraldrinum. Lánskjör eru með hagstæðasta móti en blikur eru á lofti vegna ófriðar og verulega aukinnar verðbólgu bæði innanlands og utan. Sjóðurinn er vel varinn gegn áhrifum af slíku. Lánasjóðurinn mun starfa í grundvallaratriðum svipað og undanfarin ár þar sem unnið hefur verið að eflingu á starfsemi hans og aukinni þjónustu við sveitarfélögin með því að nýta gott lánstraust sjóðsins til að uppfylla meginhlutverk hans.